

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**603. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. júní 2009 kl.  
10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

### Dagskrá:

1. Bréf Samgönguráðuneytisins.
2. Bréf Eignarhaldfélagsins Brunabótafélags Íslands.
3. Bréf Sigurðar Annassonar.
4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Minnisblað Sambands ísl. sveitarfélaga og umsögn skólastjóra v/ reglna um skólaakstur.
6. Opnir dagar Evrópusambandsins.
7. Bréf Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.
8. Heimsfaraldur influensu – Gerð svæðisáætlana.
9. Endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009.

### Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Samgönguráðuneytisins þar sem gerð er grein fyrir tilraunaverkefni um rafrænar kosningar sem ætlunin er að framkvæma í tveimur sveitarfélögum við sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2010. Skipuð hefur verið verkefnisstjórn vegna þessa og eru áhugasamar sveitarstjórnir hvattar til að hafa samband við ráðuneytið eigi síðar en 19. júní nk. Byggðarráð lýsir yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu.
2. Bréf Eignarhaldfélagsins Brunabótafélags Íslands lagt fram. Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsemi styrktarsjóðs félagsins. Sveitarstjóra falið að sækja um úthlutun úr sjóðnum.
3. Bréf Sigurðar Annassonar lagt fram en þar segir hann upp leigusamningi íbúðar í Nestúni. Byggðarráð samþykkir uppsögnina og felur sveitarstjóra að auglýsa umrædda íbúð lausa til umsóknar.
4. Fram lagt til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem gerð er grein fyrir samþykkt stjórnar sambandsins v/ samskipta sveitarstjórna við Vegagerðina.
5. Fram lagt bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og umsögn skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra v/ reglna um skólaakstur. Samþykkt að vísa drögum að reglum um skólaakstur til umsagnar fræðsluráðs.
6. Til kynningar lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem „Opnir dagar“ Evrópusambandsins 5.-8. október nk. eru kynntir.
7. Sveitarstjóri gerði grein fyrir athugun sinni á ósk Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um viðræður við Húnaþing vestra um gerð kjarasamnings við slökkviliðsmenn. Byggðarráð samþykkir að ganga til viðræðna við félagið.

8. Til kynningar lagðar fram upplýsingar um gerð svæðisáætlana vegna heimsfaraldurs inflúensu.
9. Endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri mætti til fundarins. Farið yfir atriði sem snerta endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009. Samþykkt að endurskoðuð áætlun verði lögð fyrir sveitarstjórn 11. júní nk.

Samþykkt að taka á dagskrá:

10. Byggðarráð samþykkir að innheimta fyrir notkun á heitu vatni í hesthúsahverfi verði eftir hemli.
11. Byggðarráð samþykkir að fela tæknideild að skoða enn frekar lagningu hitaveitu að tilteknum býlum norðan Hvammstanga. Samþykkt að vísa beiðni eigenda þar um til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2010.

Fundargerð uppliesin og samþykkt.

*Gunn R. Guðmundsson  
Ketilur Helgi Þorvaldsson  
Stefinn Þorvaldsson*

Fundi slitið kl. 12:10

*Guðrún Ragnarsdóttir*

Áheyrnarfulltrúi:

*Klin Jóna Rossinborg*